

1 AFSTÖÐUMYND
1:500

BYGGINGARLÝSING

Kiðjaberg lóð 102

Fastanúmer: F2344604

Landnúmer: L215467

Staðgreinir: 8719-1-50001020

Brúttóstærðir	m2	m3
Botn		62,6
Neðri hæð	71,7	230,5
Efri hæð	262,8	1205,9
Samtals:	334,5	1499,0

Lóð: 11.215 m2

NHL: 0,03

ALMENNT:
Um er að ræða frístundahús á 1 hæð með kjallara á lóð 102 Kiðjabergi. Húsið er byggt á brún gilsins sem vestur hluti lóðarinnar fellur niður í. Á suðvesturhorni hússins skaga svalir fram í gilið og undir þeim opnast neðri hæðin inn í gilið. Á efri hæð eru, ásamt bílgeymslu, aðalrými hússins; forstofa, sjónvarpskrókur, eldhús, stofa, borðstofa í einu rými ásamt tveimur herbergjum, baðherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi. Á neðri hæð eru þvottahús, baðherbergi og heilsulind með gufubaði, heitum- og köldum potti. Af neðri hæð er gengt út á pall.

BURÐARVIRKI, EINANGRUN OG VERÐURKÁPA:
Húsið stendur á steyptum sökkli. Botnplata er einangruð með 75 mm plasteinangrun. Veggir sökkla eru einangraðir 500 mm niður fyrir plötu með 50 mm plasteinangrun. Útveggir, gólf, þök og berandi innveggir eru staðsteyptir með járnbentri steinsteypu, 200 mm að þykkt. Að utan er húsið klætt með 100 mm steinullareinangrun og læstri álklæðningu í dökkum lit. Stigi innanhúss er staðsteyptur. Út frá stofu efri hæðar eru utanáhengdar svalir til suð-vesturs.
Val á byggingarefnum er skv. deiliskipulagsskipmálum. Allir byggingarhlutar sem framleiddir eru í verksmiðju skulu bera vottun skv. gr. 1.1.2. í byggingarreglugerð.

Einangrunargildi byggingarhluta (W/m2/k):
Gólf og sökklar:
0,3 W/m2/k - 100 mm plasteinangrun og 50 mm á sökkli. (75 mm kjallaraplata)
Steyptur útveggur:
0,36 W/m2/k - 100 mm steinullareinangrun
Þak:
0,2 W/m2/k - 250 mm plasteinangrun
Gluggar og hurðir:
1,6 W/m2/k - K-gler
Reiknað leiðnitap á fermeter gólfs upphitaðra
rýma á °c 0,66M/m2°c

ÞAK:
Þök eru staðsteypt og plötuþykkt að meðaltali 220 mm. Vatnshalli a.m.k. 20 ‰ er tekinn með ásteypulagi. Ofan á plötuna kemur tvöfalt lag af vatnsheldum þakpappi, tvöfalt lag af 100 mm plasteinangrun auk 50 mm plasteinangrunar, rakavarnarlag sem andar, takkadúkur og tvöfalt lag af úthafatorfi. Þakniðurföll verða úr áli.

SVALIR:
Svalir eru úr stáli og utanáhengdar, klæddar borðaklæðningu. Svalahandrið eru úr stáli og ná upp í 110 cm frá gólfi.

GLUGGAR, GLER OG HURÐIR:
Gluggar og hurðir eru úr áli og timbri með tvöföldu einangrunargleri, K-gleri. U-gildi er ekki minna en 2.0W/m2K. Gólfsíðir gluggar og hurðir með glerjum hafa hert-/öryggisgler upp í a.m.k. 60 cm hæð mælt frá gólfi.

KLÆÐNINGAR INNAN HÚSS:
Almennt eru allar loft- og veggjaklæðningar innanhúss í brunaflokki a.m.k. 2. Léttir veggir innan húss eru úr tvöföldu gipsi á blikkgrind. Veggur milli húss og bílskúrs er E60 í brunaflokki 1, steyptur. Útveggir og loft í svefnherbergjum eru sandspörtluð og máluð. Loft í alrými og hjónaherbergi eru klædd með hljóðdúk.

GÓLFEFNI OG LOFT:
Gólf eru flísalögð. Votrými eru flísalögð í hólf og gólf. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum skv. byggingarreglugerð. Loft eru sandspörtluð og máluð eða klædd hljóðísogsdúk.

LOFTRÆSTING:
Húsið er að mestu náttúrulega loftræst með gluggum og hurðum. Gluggalaus rými eru loftræst með vélrænni loftræstingu sem og baðherbergi skv. byggingarreglugerð.

ELDVARNIR:
Bílgeymsla er aðskild frá íbúðarhluta hússins með EI60 veggjum og EI2 60CS200 hurð. Reykskynjarar eru á hverri hæð. Slökkvitæki verða staðsett í bílgeymslu og á neðri hæð. Allar klæðningar verða í a.m.k. flokki 2. Eldstæði og reykháfur skulu uppfylla viðeigandi kröfur um eldvarnir sbr. greinar 9.6.5. og 9.5.6 í byggingarreglugerð.
Eldunartæki innanhúss eru span helluborð og rafmagnsofn.

VATNSLAGNIR OG HITI:
Upphitun er með hitaveitu. Inntökum verður komið fyrir í bílskúr, þar eru mælistöðvar og stofnkranar staðsettir. Hámarkshitastig neysluvatns við töppunarstaði fer ekki yfir 65°c. Gólfhitikerfi er í húsinu.
Frárennsli er í PVC lögnum sem tengdar eru í rotþró, rúmmál rotþróar er 3200 L.
Heitur og kaldur pottur eru með öryggisloki og uppbyggðar barm 40 cm yfir gönguhæð sbr. skv. gr. 12.10.4.

LÓÐ OG BÍLASTÆÐI:
Bílastæði fyrir 3 bíla er á lóðinni fyrir framan bílgeymslu og er gengdræpt. Steyptir stigar með gróðurbeðum tengja saman efri og neðri hluta lóðar. Neðri hluti lóðarnar er hellulagður pallur með heitum potti sem á er öryggislok skv. byggingarreglugerð gr. 12.10.4. Á lóðinni verður trjám planta ásamt runnagróðri en að öðru leiti er lóðin náttúrulegur mói.

SORP:
Sorpi skuli skilað skv. reglum sveitarfélags hverju sinni.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
21. apríl 2021
Byggingarfulltrúi

20211215

Kiðjaberg lóð 102

Staðsetning: ~~#Site Address1~~ Kiðjaberg 102
#Site Postal Box #Site City

Tengiliður hönnuða: Gunnar Sigurðsson

AÐALTEIKNINGAR

Teikning: AFSTÖÐUMYND
Mkv: 1:500 Blaðastærð: A1
Verknr.: 2008 Teikning nr.: A.01.1
Teiknað: Yfirfarið:

ÚTGEFIÐ: föstudagur, 19. mars 2021

TVÍHORF arkitektar
Brúarvogi 1-3
104 Reykjavík
tvihorf@tvihorf.is
www.tvihorf.is
kt.: 691209-1480

Gunnar Sigurðsson arkitekt FAÍ Kt.: 080877-4719
Helgi Steinar Helgason arkitekt FAÍ Kt.: 030482-3449

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI, AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR.